



Nýbyggingar á Höllustöðum Mynd: ÁHBj

Samantekt fyrir Fögur framtíð í Fljótsdal 2019-2022

Samfélagsverkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal

Samfélagsverkefnið **Fögur framtíð í Fljótsdal** er spröttið upp af frumkvæði og áhuga þeirra sem lifa og starfa í Fljótsdalshreppi. Hornsteinn þess var lagður með samfélagsþingi árið 2019 þar sem fram kom sterk framtíðarsýn íbúa og markmið um að auka seiglu gagnvart hnignun og fólksflóttu, efla frumkvöðlastarf og samtakamátt samfélagsins. Samfélagsverkefnið var skilgreint til þriggja ára og mun því ljúka í árslok 2022. Árlega hafa verið haldin samfélagsþing þar sem farið er yfir áhersluverkefni næsta árs sem og opnir íbúafundir um ákveðin viðfangsefni.

Fögur framtíð í Fljótsdal hefur vakið mikla athygli. Verkefnið hefur sannarlega aukið veg samfélagsins í Fljótsdal. Það hefur opnað augu fólks fyrir hvernig frumkvæði spröttið úr grasrótinni með stuðningi sveitarfélags getur skapað vegferð að gróskumiklu samfélagi á jaðarsvæðum og á fámennum svæðum. Verkefnið og sú hugarfarsbreyting sem átt hefur sér stað á þessum tíma hefur smitast inn á hvert heimili, fyrirtæki og stofnanir í Fljótsdal, sem og inn til sveitarstjórnar þannig að samfélagið allt er með einum eða öðrum hætti virkt í þeirri sýn sem mótuð var í upphafi verkefnisins.

Hér eru nefnd nokkur dæmi en listinn er ekki tæmandi:

Fjölgun íbúa

Þegar horft er til landsins þá hefur íbúum Fljótsdalshrepps fjölgað hlutfallslega mest frá 1. desember 2019 til 1. janúar 2021 eða um 14,0% sem þýðir fjölgun um 12 íbúa eða úr 86 í 98 íbúa samkvæmt Þjóðskrá. Árið 2022 voru þeir skráðir alls 103, fjölgun milli ára um 5 manns. Íbúum hefur því fjölgað um 30 % frá 1. desember 2018 þegar fjöldinn var 73 íbúar og umræður hófust um að nú þyrfti að bregðast við fólksflóttanum.

Fjölgun starfa

Árið 2018 voru ársverkin talin 52 samkvæmt húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps. Vinnumálastofnun áætlaði ársverkin 55 í janúar 2021 miðað við áætlað 12,7% atvinnuleysi (Covid, o.fl.). Skoðanakönnun meðal fyrirtækja í Fljótsdalshreppi í júní 2021 staðfestir að um 60 ársverk voru í dalnum árið 2021. Það er ekki hvað síst vegna aukinna umsvifa er tengjast ferðaþjónustu, opinberum störfum og afleiddum störfum landbúnaðar, s.s. verktaka, sauðfjárafurða- og viðarvinnslu. Væntingar eru um enn meiri fjölgun starfa samkvæmt sömu könnun – sjá Innviðagreiningu Fljótsdalshrepps sem unnin var í tengslum við áherslur Fagrar framtíðar í Fljótsdal.

Fjölgun fyrirtækja - félaga

- Sauðagull ehf. – stofnað 2019.
- Hel ehf. – stofnað 2021.
- Saumadraumur ehf. – nýstofnað og er að byggja atvinnurými í Fljótsdal.
- Fljótsdalskönglar ehf. – stofnað 2022.
- Náttúruskólinn (NGO) við Óbyggðasetrið skráð 2022.
- Droplaug hið fljótsdælska handverksfjelag endurvakið eftir áralangan dvala.
- Stoðir Skógarafurða ehf., Óbyggðaseturs ehf. og Hengifoss gistihúss hafa einnig verið styrktar sem endurspeglast í lengri opnunartímum og meiri umsvifum.
- Hengifoss Lodges í Brekkugerðishúsum endurskráð ferðaþjónustufyrirtæki.

Nýjar söluhæfar afurðir og þjónusta

- Sauðamjólkurís með fjölbreyttum bragðtegundum, konfekt, ostakubbar auk þjónustu og samvinnuverkefna við aðra innan mjólkurframleiðslunnar – Sauðagull ehf.
- Viðarkynt baðtunna – Skógarafurðir ehf.
- Girðingastaurar, brennslukol o.fl. – Hörður Guðmundsson og Tandraberg.
- Einar Sveinn með bílaviðgerðir og -þjónustu.
- Hengifoss Food Truck – matarvagn við bílaplanið upp að Hengifossi.
- Gönguskíðaferðir frá Laugarfelli.
- Locatify – fjölskyldu- og ævintýraleikur á Héraði í gegnum Turf Hunt app.
- Fljótsdalskönglar með nokkrar tegundir gosdrykkja og fleiri afurðir í þróun.
- Saumadraumur með handklæði, sontuhlífar og sérhannaðan fatnað fyrir fatlaða.
- Hengifoss Lodges með þrjú ný sumarhús sem fara í útleigu á vormánuðum 2023, auk þess sem ferðaþjónusta er í undirbúningi á Hóli.
- Vörubrún sauðfjárafurða er í gangi sem gera má ráð fyrir að komi á markað jafnvel á næsta ári.
- Þróun afþreyingartækifæra eru í gangi hjá Hel ehf. sem einnig má gera ráð fyrir að verði sýnileg á næsta ári. Það sama á við um Óbyggðasetur.
- Lagður var grunnur að holdakjötsframleiðslu með fyrstu kvígumni haustið 2019 á Eyrarlandi.
- Blóðmerahald hófst 2020 á Skriðuklaustri/Brekku með sölu á blóði til Ísteka

Styrkveitingar

Samfélagssjóður Fljótsdals sem stofnaður var árið 2022 hefur veitt styrki að upphæð 12 milljónum króna í þrjú ár eða um 36 milljónir alls en sjóðurinn var í upphafi hugsaður til 6 ára. Áætlað er að veita lægri upphæðir á ári hér eftir, nema til komi auknar fjárveitingar í sjóðinn.

Það er alveg ljóst að Samfélagssjóðurinn hefur haft gríðarleg jákvæð áhrif fyrir samfélagið. Aðilar hafa einnig sótt í aðra sjóði og þaðan komið umtalsverar fjárhæðir inn á svæðið. Þannig hafa vilyrði sjóða verið tæplega 150 milljónir til aðila í Fljótsdalnum á u.þ.b. þremur árum, auk alþjóðlegra styrkja til Gunnarsstofnunar.

Dæmi um sjóði sem hafa veitt styrki til aðila í dalnum: Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Uppbyggingarsjóður Austurlands, Orkusjóður, Styrkvegasjóður, Kirkjumálasjóður, Nýsköpunarsjóður námsmanna, Nýsköpunarhraðall Hí fyrir konur (AWE), Lóa nýsköpunarsjóður landsbyggðarinnar, Viðskiptahraðallinn Til sjávar og sveita, Heilsueflandi samfélag, Brunabót, Húsfriðurnarsjóður o.fl.

Húsnæðismál

- Íbúðarhús á eyðibýlinu Þorgerðarstöðum í endurbyggingu.
- Byrjað að lagfæra gamalt íbúðarhús á Hrafnkelsstöðum.
- Viðbygging kláruð við Droplaugarstaði.
- Endurgerður hálendiskofinn Hrakströnd er hentar göngu- og smalafólki.
- Búið að rífa gamalt íbúðarhús á Sturluflöt og byggja nýtt á grunni þess. Komin föst ábúð.
- Nýtt íbúðarhús í landi Brekkugerðis og eitt sumarhús, þ.e. Borgarhóll og Brekkubær.
- Nýtt lögbýli; Höllustaðir í landi Arnheiðarstaða. Íbúðarhús og iðnaðarhúsnæði.
- Jörðin Hóll seld og komin varanleg ábúð fjölskyldufólks.
- Nýir eigendur að Brekkugerðishúsum og þrjú ný sumarhús tilbúin til útleigu vorið 2023.
- Hótelbygging með 14 herbergjum formlega opnuð 2022 við Óbyggðasetrið.
- Þjónustubygging við útivistarparadísina Hengifoss í undirbúningi, áætluð verklok sumarið 2023.
- Uppbygging skemmu á Litlu Grund og grunnar teknir fyrir skemmum á Melum og á Arnheiðarstöðum.
- Atvinnuhúsnæði reist á Höllustöðum.
- Auglýst deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Víðivalla Ytri I.

Byggðarkjarni

Unnin hefur verið staðarvalskönnun fyrir byggðakjarna í Fljótsdal sem var liður í verkefninu **Fögur framtíð í Fljótsdal** og lýtur hún að því að finna byggðarkjarna í Fljótsdal stað, en enginn slíkur er í sveitarfélaginu. TGJ ráðgjöf koma að þeirri vinnu. Ástæða verkefnisins er sú að vegna uppbyggingar innan ferðaþjónustunnar og afleiddra starfa í landbúnaði er vaxandi þörf fyrir íbúðarhúsnæði í hreppnum, bæði til leigu og mögulegrar sölu. Óskað var eftir úttekt og greiningu á landi í sveitarfélaginu, óháð eignarhaldi, en með það að markmiði að finna hentugt svæði fyrir byggðarkjarna með grunnþjónustueiningu (leik- og grunnskóla, verslun) og athafnasvæði. Í verklýsingu er þess getið að sveitarfélagið vilji geta boðið upp á eftirsóknarverðan, einstakan og vistvænan byggðarkjarna, sem falli að landslagi, sé öruggur frá náttúrunnar hendi, aðgengilegur og henti vaxandi starfsemi í dalnum. Þá kemur einnig fram að kjarninn skuli valinn á forsendum umhverfissálfræði, þannig að uppbyggingin hámarki vellíðan og jákvæða upplifun íbúa og gesta.

Fyrir liggur úttekt sem aðgengileg er á heimasíðu Fljótsdalshrepps. Samþykkt var að semja við Ríkiseignir um reit í landi Hjarðabóls undir byggðarkjarna og var samningur þar að lútandi frágenginn og undirritaður. Eigendur Brekku gerðu þá tilkalls til eignarhalds á landinu og málið lagt fram til Héraðsdóms Austurlands. Málið var þingfest vorið 2021. Lögmenn beggja aðila hafa verið tilbúnir til málaflutnings síðan í september 2021 en Héraðsdómur Austurlands hefur ekki sett málið enn á

dagskrá. Þessi dráttur hefur komið sér verulega illa, eins og sumir meina; „valdið samfélagslegum skaða“ fyrir samfélagið í Fljótsdal því mikill skortur er og hefur verið á íbúðarhúsnæði. Sveitarstjórn samþykkti nýlega að opna á það að skoða aðra möguleika þar sem þetta mál hefur dregist fram úr hófi og hafið viðræður um landnot til uppbyggingar íbúðahúsnæðis á öðrum stað í anda úttektarinnar sem gerð var á sínum tíma.

Fjárfestingatækifæri í Fljótsdal

Unnin hefur verið innviðagreining fyrir Fljótsdalshrepp (*Innviðagreining_Fljotsdalshrepps_netutgafa.pdf (fljotsdalur.is)*). Innviðagreiningin gefur yfirlit yfir þjónustu, innviði, náttúru og mannauð í hreppnum með sérstakri áherslu á tækifærin sem til staðar eru til frekari uppbyggingar atvinnulífs og fjárfestinga.

Samtakamáttur

Ljóst má vera af ofangreindu að fjöldi íbúa hefur komið að því að styrkja stoðir samfélagsins með margvíslegum hætti og stuðlað þannig að jákvæðum áhrifum; umhverfislega, efnahagslega og ekki síst samfélagslega. Jákvæðni og bjartsýni er ríkjandi sem ekki síst hefur haft smitandi áhrif og eflt skapandi hugsun þeirra sem lifa og starfa á svæðinu um leið og það hefur vakið athygli „brottnumina“ (orðalag Fljótsdælinga) og yngri kynslóðar sem leita nú aftur til heimahaganna. Vísað er meðal annars í fyrri ársskýrslur Fagrar framtíðar í Fljótsdal er liggja á heimasíðunni *fljotsdalur.is*

Skoðanakönnun

Nú undir lok ársins 2022 sendi Austurbrú út könnun til að leggja mat á verkefnið með það að markmiði að meta árangur þess og upplifun þeirra sem lifa og starfa í Fljótsdal. Rafræn könnun var send á 73 netföng fengin frá verkefnastjóra verkefnisins. Alls voru 41 sem svöruðu og var svarhlutfallið 56%. Spurningarnar sem lagðar voru fram og úrvinnsla svara við þeim voru unnin af Ernu Raket Baldvinsdóttur hjá Austurbrú.

Orðin sem þátttakendur notuðu til að lýsa samfélaginu í Fljótsdal voru **kraftmikið, hugmyndaríkt, vinalegt, kindur og metnaðarfullt!** Einnig var samfélaginu lýst sem **framsæknu, fjölbreyttu, með duglegt fólk og fjölbreytt landbúnaðarsamfélag.**

Flestir svarendur voru með lögheimili í Fljótsdal eða 73% og yfir helmingur dvelur þar allt árið eða 58%.

Nokkrar niðurstöður í punktaformi:

- Mikil ánægja var með verkefnið en 80% svarenda sögðust vera mjög eða fremur ánægðir.
- Spurt var um virkni í verkefninu og var þá átt við til dæmis þátttöku í íbúafundum, samfélagsþingum, samtölum við verkefnastjóra, þátttöku í einstökum verkefnum eða á annan hátt. 39% sögðust hafa verið mjög eða fremur virkir. Um þriðjungur svöruðu í meðallagi eða voru óvirkir.
- Svarendum þótti vel hafa tekist til við að virkja íbúa til að þróa samfélagið, þ.e. 56% svöruðu mjög eða fremur vel.
- Flestir töldu það hafa skipt miklu máli að hafa starfandi verkefnastjóra á verkefnatímanum en 71% svöruðu mjög eða fremur miklu.
- 71% svarenda töldu styrki úr samfélagssjóði Fljótsdals hafa skipt miklu máli í viðleitni til framfara í byggðarlaginu.
- Flestir voru sammála þeirri nálgun í verkefninu að láta það taka til margra þátta samfélagsins en ekki aðeins til atvinnamála. Það voru 78% sem svöruðu mjög eða fremur sammála.
- 76% svarenda töldu það skipta miklu máli að áfram verði unnið með framtíðarsýn og

markmið verkefnisins.

- Flestir töldu verkefnið hafa tekist vel til eða 73% svöruðu mjög eða fremur vel.
- Svarendur telja meðal líkur á því að íbúum muni fjölga á næstu árum. Meðaltalið fyrir þá spurningu var 5,32 á skalanum núll til tíu.
- Líkurnar á því að atvinnugreinum muni fjölga í Fljótsdal er að meðaltali 5,68 á skalanum frá núll til tíu.

Nokkrar skráðar athugasemdir:

- Einhvern veginn breyta því þannig að fjármagn, mannauður og hugviti komi frá þeim sem eru á svæðinu.
- Samheldni og traust og virðing fyrir náunganum þarf að vera til staðar.
- Takk fyrir að koma þessu flotta verkefni af stað, það er mikilvægt.
- Árangur er umfram væntingar!

Lokaorð

Fögur framtíð í Fljótsdal hefur með tilurð sinni og frumkvæði einstaklinga í samfélaginu haft gríðarleg áhrif eins og sjá má í þessari samantekt. Það er ekki síst fyrir framtakssemi einstaklinga og umræðurnar sem skapast hafa um framtíðarsýn svæðisins og helstu áskoranir og verkefni. Auk þess sem stuðningur og hvatning hefur verið til staðar að hálfu sveitarsfélagsins og í gegnum verkefnasamning Fagrar framtíðar í Fljótsdal við Austurbrú. Samfélagssjóður Fljótsdals hefur ekki síst orðið til þess að vel skilgreind verkefni hafa fengið fjármagn og þannig byr til að koma hugmyndum yfir á framkvæmdastig. Fjármagn þaðan hefur jafnframt veitt stuðning til að sækja um í aðra sjóði og opnað augu fyrir fleiri fjármögnunarleiðum og tækifærum.

Metnaður er fyrir því að halda verkefninu áfram og gefa tíma fyrir nýtt upphaf, nýja rýni á samfélagið og framtíðarsýn, þannig að áfram megi vinna markvisst að fagurri framtíð í Fljótsdal.

*Ásdís Helga Bjarnadóttir,
verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal 2019-2022.*



Mýnd: AHBj

Óskastund í hinum fagra Fljótsdal

Yfirlestur: Alda Marín Kristinsdóttir, Austurbrú
Uppsetning: Jenný Margrét Villydóttir Henriksen, Héraðsprent ehf